

## Heimsókn í Vin og Geðhjálp.

Mætt voru auk mín: Gunnar Gunnarsson /Hraunbær, Lilja Rún Tumadóttir/Hverfisgötu sem er nýr starfsmaður, Laufey Böðvarsdóttir/Dalbraut, Fjóla María Bjarnadóttir/Austurbrún og Jónas Valdimarsson/Dalbraut.

### Heimsókn í Vin.

Í Vin tóku á móti okkur Þórdís Rúnarsdóttir sem er forstöðumaður og Björg Haraldsdóttir geðsjúkraliði. Þær gáfu sér góðan tíma til að spjalla við hópinn og sýna húsakynni, aðstöðu og kynna fyrirhugaðar breytingar en haustdagskrá athvarfsins var ennþá í mótun. Þær vilja meina að gestir athvarfsins séu aðallega fólk á sama aldri og starfsfólkið.

Aðalsmerki Vinjar er :

- Ferðafélagið Víðsýn sem eingöngu gestir Vinjar hafa aðgang að því þær vilja þekkja fólkið sem verið er að ferðast með.
- Skákfélag Vinjar sem er mjög öflugt og starfar með góðum stuðningi tafllélagsins Hrósins.
- Heitur matur í hádeginu gegn vægu gjaldi. Gestir aðstoða við matreiðsluna og þarf ekki að greiða fyrir matinn þann dag sem hann aðstoðar.

### Heimsókn í Geðhjálp.

Einnig heimsóttum við Geðhjálp á Túngötu 7 og skoðuðum húsakynninn. Nokkrar breytingar standa fyrir dyrum þar nú á haustdögum. Ennþá er óráðið í stöðu framkvæmdastjóra og aðaláhersla er á heitan mat í hádeginu þessa dagana. Verið er að undirbúa haustdagskrá og búið var að ráða tvo sálfræðinga til að sinna því.